

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti

Í lagafrumvarpi um ný fjarskiptalög, þingskjal 666 mál 461, kemur fram breytingatillaga sem snýr að vernd fjarskiptavirkja í gr. 86 í lagafrumvarpinu sem að mati Farice er nauðsynleg til þess að mögulegt sé að leggja fjarskiptasæstrengi til Íslands í sátt við hagsmunaaðila í sjávarútvegi til framtíðar.

Í núverandi lögum segir í 5. mgr. 71. gr. um vernd fjarskiptavirkja „*Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. [Bannað er að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mílufjórðungs belti hvorum megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum.] Nú verður tjón á fjarskiptastreng, sem valdið er af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.“*

Þannig veita núverandi fjarskiptalög mikla vernd fyrir fjarskiptasæstrengi og eru allar veiðar sem snerta botn bannaðar á svæðinu umhverfis strenginn, óháð plægingu strengsins í sjávarbotn, öðrum frágangi eða vörnum í strengnum eða tegund veiðafæra sem snerta botn með einhverjum hætti og notuð eru til veiða á svæðinu.

Farice hefur mikla og góða reynslu af lagningu og rekstri á fjarskiptasæstrengjum við Ísland og hefur alltaf lagt mikla áherslu á gott samstarf við hagsmunaaðila í sjávarútvegi enda ljóst að samkvæmt núverandi fjarskiptalögum hefur nýr fjarskiptasæstrengur áhrif á veiðar á því svæði sem sæstrengurinn fer um. Einnig er skoðun Farice sú að ein besta vörnin fyrir fjarskiptasæstrengina sé að sem víðtækust sátt sé um lagningu og leiðarval þeirra. Slík sátt eykur líkur á að virðing sé borin fyrir mikilvægi strengjanna og að hagsmunir sjávarútvegs séu að gæta að vernd strengjanna.

Í undanfara lagningar á nýjum sæstreng á sér stað samráð um leiðarval milli Farice og hagsmunaaðila í sjávarútvegi til þess að lagning sæstrengs fari sem öruggustu leið um sjávarbotn að eins heppilegum lendingarstað og mögulegt er en hafi jafnframt sem minnst áhrif á veiðar.

Nýleg reynsla Farice af leiðarvali fyrir nýjan fjarskiptasæstreng félagsins sem ber heitið ÍRIS sýnir hins vegar að ómögulegt getur verið að finna nýja örugga leið að heppilegum landingastað á landi án þess að leiðin hafi neikvæð áhrif á veiðar með veiðafærum sem snerta botn sem þó koma ekki til með að skaða strenginn.

Til þess að auka fjarskiptaöryggi Íslands er nauðsynlegt að finna leið sem er óháð eldri leiðum hvað varðar náttúruvá og ógn frá veiðum og fara þannig yfir ný veiðisvæði. Leið ÍRIS strengsins var valin í samráði við hagsmunaaðila sjávarútvegs þannig að lega hans utan við og upp landgrunnskantinn er á svæði sem truflar lítið veiðar með botnvörpu. Til þess að koma strengnum að landi á öruggan hátt við Ísland reyndist nauðsynlegt að leggja strenginn yfir svæði þar sem stundaðar eru veiðar með veiðafærum sem snerta botninn en hafa samt engin áhrif á plægða strengi (t.d. dragnót og lína). Á því svæði verður ÍRIS strengurinn einmitt plægður í botninn. Þannig er það mat Farice að veiðar með tilteknum veiðafærum á svæðinu þar sem strengurinn er plægður niður hafi ekki neikvæð áhrif á öryggi strengsins.

Í nýjum fjarskiptalögum er lögð til breyting á vernd fjarskiptasæstrengja þannig að ráðherra geti heimilað veiðar þar sem þær eru ekki taldar hafa neikvæð áhrif á öryggi fjarskipta. „Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá banni við botnveiðum samkvæmt þessari málsgrein, í sérstökum tilvikum, ef um er að ræða veiðarfæri sem ekki eru talin líkleg til að raska öryggi fjarskiptastrengja á viðkomandi svæði að teknu tilliti til aðstæðna. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari málsgrein í reglugerð.“

Að mati Farice er um nauðsynlega breytingu að ræða til þess að fjarskiptasæstrengir geti verið lagðir í sjó í sátt við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og að fram geti farið heiltsætt hagsmunamat á leiðarvali þar sem jafnvægis gæti milli verndar fjarskiptasæstrengja, frágangi þeirra og áhrifa á veiðar.

Í umsögn Samtaka Fyrirtækja í Sjávarútvegi (SFS) er lagt til að orðalagsbreyting verði á nýjum texta þannig að breytingin hljóði svo „... undanþágu frá banni við veiðum...“. Farice gerir ekki athugasemd við þá breytingatillögu.

Farice gerir ekki athugasemd við ákvæði um skaðabótaskyldu í frumvarpinu enda telur Farice einsýnt að nái breytingatillagan fram að ganga og veiðar með tilteknum veiðafærum verði heimilaðar á tilteknum svæðum yfir strenginn samkvæmt reglugerð, að mikilvægt sé að veiðar yfir strenginn séu einmitt einungis stundaðar í samræmi við heimild í reglugerð.

Að lokum telur Farice að frekari skoðun þurfi að fara fram varðandi kvaðir á að fjarlægja strengi úr sjó eftir að notkun þeirra lýkur og þurfi m.a. að gæta að umhverfisáhrifum við slíka framkvæmd.

F.h. Farice ehf.



Þorvarður Sveinsson, framkvæmdastjóri